

69. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. júní 2006 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Guðríður Þorvarðardóttir var erlendis.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur var settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 68. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var lesin upp og samþykkt.

Skráning örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar

Hjördís Linda Jónsdóttir mætti kl. 11:00 og var gestur fundarins undir þessum lið.

Hjördís hefur fengið gögn frá Landmælingum Íslands og er byrjuð að skrá örnefni í gagnagrunn.

Hún ræddi framkvæmd verkefnisins við nefndarmenn og fékk upplýsingar hjá þeim um heimildarmenn og fleira.

Þórólfur sagði frá því að hann hafi verið í sambandi við Guðrúnu Gísladóttur varðandi samstarf um verkefnið við Hnjót. Guðrún mun leggja fram tillögu um hvernig því samstarfi verður háttað þegar hún kemur úr frí.

Afgreiðsla: Nefndarmenn munu verða Hjördísi innan handar eins og kostur er varðandi verkefnið. Ásgeir Gunnar mun fara með henni að hitta heimildarmenn að fundi loknum. Hjördís Linda yfirgaf fundinn kl. 12:05.

Kæur vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60, milli Bjarkalundar og Eyrar í Reykhólahreppi.

Lagt var fram erindi frá Umhverfisráðuneytinu, dags. 12. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um kærurnar. Friðjón fékk frest hjá Magnúsi Jóhannessyni ráðuneytisstjóra til að svara erindinu eftir þennan fund.

Ein af kærunum var frá Þórólfi Halldórssyni og önnur frá sýslumanninum á Patreksfirði og lýsti Þórólfur sig vanhæfan til að fjalla um þær.

Afgreiðsla: Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér framkomnar kærur til umhverfisráðherra, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 12. maí 2006. Breiðafjarðarnefnd ítrekar fyrri umsagnir sínar til Skipulagsstofnunar, en gerir ekki athugasemdir við framkomnar kærur til umhverfisráðherra.

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð

Róbert lagði fram drög að verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2005-2015. Hann mun senda nefndarmönnum lengra kominn texta til yfirlstrar í þessari viku eða næstu. Í framlögðum drögum má m.a. sjá hvernig uppsetning verndaráætlunarinnar verður.

Afgreiðsla: Verndaráætlunin verður send sveitarfélögunum til umsagnar þegar lokadrög liggja fyrir. Stefnt er að því að það verði nú í sumar. Eftir það fer hún í formlegt umsagnarferli.

Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Lagt var fram til kynningar svarbréf frá skipulags-, umhverfis- og bygginganefnd Vesturbyggðar, dags. 2. maí 2006.

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Eiríkur lagði fram til kynningar drög að dagskrá vettvangsferðarinnar, sem farin verður 17. júlí nk.

Önnur mál

Bæklingur um fuglalíf á Breiðafirði

Ritari sagði frá því að ný útkominn fuglalífsbæklingur hafi fengið frábærar viðtökur. Á rúmum mánuði hefur verið dreift rúmlega 6000 eintökum á ensku og u.þ.b. 4600 á íslensku.

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Friðjón sagði frá því að Sverrir Jakobsson muni í júlí senda Breiðafjarðarnefnd yfirlit yfir vinnu sína við skráningu á sögu Breiðafjarðar. Hann sagði að Sverri miðaði vel áfram við vinnuna. Friðjón mun hafa samband við Sverri og óska eftir því að hann verði Hjördísi Lindu innan handar með söguna á bak við örnefni þar sem hann þekkir til.

Stækkun á Bogabúð í Flatey

Magnús lagði fram teikningar og byggingarlýsingu á Bogabúð í Flatey, en ætlunin er að stækka húsið verulega. Húsið er fyrrverandi verslunarhús sem byggt var árið 1910.

Afgreiðsla: Ákveðið var að skrifa menntamálaráðuneytinu bréf og vekja athygli á nauðsyn þess að reglugerð um vernd menningarsögulegra minja verði sett, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Þá mun nefndin í bréfinu benda á að vitað sé til þess að breytingar á húseignum í þorpinu í Flatey hafi átt sér stað að undanförunu og að fyrir liggi umsókn hjá byggingafulltrúanum í Reykhólahreppi um viðbyggingar við Bogabúð. Afrit verður sent Umhverfisstofnun og Reykhólahreppi.

Fundi var slitið kl. 13:50.

Næsti fundur verður haldinn í Bjarkalundi 17. júlí nk.